

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um horfur í mönnun heilbrigðisþjónustunnar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur staða og horfur í mönnunarmálum heilbrigðisþjónustu á Íslandi verið metin með heildstæðum hætti? Ef svo er, hverjar eru helstu niðurstöður?
2. Hvernig er samræmi milli fjölda þeirra sem útskrifast þessi árin úr almennu námi og sérnámi á sviði heilbrigðisstétta og ætlaðrar þarfar fyrir sömu fagstéttir næstu ár og einn til tvo áratugi fram í tímann að teknu tilliti til væntrar lýðfræðilegrar þróunar?
3. Hver er meðalaldur helstu fagstétta innan heilbrigðisþjónustunnar núna, hver hefur þróunin verið og hvaða áhrif hefur aldur fagstétta á mönnun með hliðsjón af vaktavinnu og öðru hliðstæðu?
4. Hvernig er staða og horfur í mönnunarmálum heilbrigðisþjónustunnar í einstökum landshlutum, sbr. 1.–3. lið fyrirspurnarinnar?
5. Hvaða aðgerðir eða tillögur til úrbóta eru á borðum stjórnvalda til að treysta forsendur mönnunar heilbrigðiskerfisins til framtíðar lítið?

Skriflegt svar óskast.